


## Hans Schlesch, síðbúin uppreisn æru

Árið 1921 birtist í tímaritinu *Journal of Conchology* stutt grein eftir Hans Schlesch (1891-1962) lyfjafræðing á Seyðisfirði um lindýr á landi og í fersku vatni á Austurlandi (9). Í greininni getur Schlesch meðal annars um 8 tegundir af vatnaskeljum af ættkvíslinni *Pisidium* sem hann kvaðst hafa fundið. Nokkrar þeirra taldi hann að hefðu ekki fundist áður á Íslandi. Skeljarnar hafði hann sent til sérfræðings í Dublin á Írlandi, A. W. Stelfox, til þess að fá þær greindar. Þetta væri í sjálfu sér varla frásagnarvert nú nema fyrir það sem á eftir fylgdi. Í næsta hefti tímaritsins birtist bréf frá þremur virtum sérfræðingum á þessu sviði, áður- nefndum Stelfox og tveimur öðrum (12), þar sem þeir segjast að vísu hafa greint umræddar skeljar en af útliti þeirra hafi mátt ráða að þær væru ekki frá norðlægu landi. Hafi þeir ástæðu til að ætla að Schlesch hafi sent þeim skeljar frá meginlandinu þótt hann segði þær frá Íslandi. Sögðu þeir Schlesch einan bera ábyrgð á þeirri staðhæfingu að tegundir þessar fyndust á Íslandi ef frá er talin *Pisidium casertanum* sem sé vel þekkt íslensk tegund.

Þetta bréf varð afdrifaríkt fyrir Schlesch. Ljóst er af ferli hans og rituðu efni sem eftir hann liggur að hann var mjög eljusamur um þetta áhugamál sitt og lagði í það umtalsverðan metnað. En bréfið virðist hafa leitt til þess að upplýsingar hans og gögn voru talin óáreiðanleg og því ekki tekin með í rannsóknum á útbreiðslu lindýrategunda í Evrópu. Það hlýtur að hafa verið honum afar þungbært að mikill hluti vinnu hans skyldi dæmdur ómerkur af fræðimönnum á þessu sviði.



Hans Schlesch. Brjóstmynd í eigu Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Ljós.: Jóhann Óli Hilmarsson

Næsti þáttur í þessari sögu gerist á níunda áratugnum, tuttugu árum eftir lát Schlesch, þegar hópur líffræðinga frá Norðurlöndum undir forystu J. G. J. Kuiper frá Hollandi tekur sig saman til að kanna útbreiðslu *Pisidium* og skyldra tegunda á Norðurlöndum og skrifa um það grein (1). Var þá farið yfir allt efni sem safnað hafði verið á Íslandi og aðgengilegt var í söfnum og einkaeign. Auk skeljanna sem Schlesch safnaði voru kannaðar og greindar skeljar allmargra safnara sem safnað höfðu áður og eftir að hann vann vinnu sína. Meðal þeirra voru skeljar sem höfundur þessa pistils safnaði á unglingsárunum.

Í ljós kom að ellefu tegundir af *Pisidium* ættkvíslinni höfðu fundist á Íslandi. Átta þeirra höfðu fundist áður en Schlesch kom til sögunnar og enginn útlitsmunur var á eldri eintökum og þeim sem Schlesch fann. Engin ástæða virðist því til að vefengja fundarstaðina sem Schlesch gaf upp.

## Æviágrip

En hver var hann, þessi apótekari og áhugamaður um náttúrufræði sem svo illa varð fyrir barðinu á hrokafullum sérfræðingum? Schlesch var af dönsku bergi brotinn en fæddist árið 1891 í Madras á Indlandi og bar því breskan ríkisborgararétt (2, 11). Hann lærði lyfjafræði í Kaupmannahöfn og Óðinsvéum og fór að námi loknu til Íslands árið 1913 og gerðist aðstoðarlyfjafræðingur í Ísafjarðarapóteki. Árið 1919 fluttist hann til Seyðisfjarðar. Þar starfaði hann til ársins 1922, síðustu árin sem forstöðumaður í forföllum lyfsalans. Á Seyðisfirði var hann varakonsúll Breta. Árið 1920 giftist hann Agnete Vieth (1894-1947). Hún var líka lyfjafræðingur og vann sem aðstoðarlyfjafræðingur við Seyðisfjarðarapótek meðan maður hennar var þar. Hún kom aftur til Seyðisfjarðar síðar og vann við apótekið en ekki er vitað hvenær það var (2).

Hans Schlesch fékk snemma ódrepanði áhuga á náttúrufræði, einkum lindýrum, sniglum og samlokum. Þegar á unglingsárum var hann farinn að skrifast á við náttúrufræðinga og tvítugur að aldri hóf hann að senda greinar um lindýr til birtingar í breska tímaritinu *The Naturalist* (11). Þá þegar átti hann umtalsvert safn lindýra sem hann gaf Náttúrugripasafninu í Hull þegar hann flutti til

Tvær tegundanna hefur enginn fundið fram til þessa nema Schlesch, *P. amnicum* og *P. henslowianum*. Í ljósi þessa tóku Kuiper og félagar (1) einnig inn í samantekt sína alla fundarstaði sem Schlesch hafði skráð í Danmörku. Þar með má segja að starf hans á þessu sviði hafi loks fengið fulla viðurkenningu.

Sú spurning vaknar hvað það hafi verið sem fékk Stelfox og féлага hans til að láta í ljós efasemdir um fundarstaði *Pisidium* eintakanna frá Schlesch. Að sögn gamals samstarfsmanns Stelfox mun hér hafa legið að baki kenning þeirra um óvenju sterka áhringi á skeljum sem vaxið hafa í köldu loftslagi (1). Vöxtur skeljarinnar hættir í vetrarkuldanum en tekur við sér aftur á sumrin. Þetta einkenni kemur hins vegar ekki sterkt fram á íslenskum *Pisidium* skeljum en það hafði Stelfox ekki fyrir að ganga úr skugga um áður en hann skrifaði bréfið afdrifaríka.

Íslands. Á Íslandi hélt hann áfram að nota frístundir sínar til rannsókna á þessu hugðarefni sínu. Eftir hann birtust greinar um útbreiðslu landkuðunga og -skelja á Íslandi (3-9). Einnig athugaði hann fínu lindýra í Tjörneslögunum (10) og naut við það aðstoðar Kára Sigurjónssonar bónda að Hallbjarnarstöðum sem sendi honum safn steingervinga þaðan.

Eftir að Schlesch sneri til Danmerkur 1922 hélt hann uppteknum hætti og beindi nú sjónum sínum að lindýrafánu Eystrasaltsstranda, allt frá Slésvík austur um til Finnlands. En hann kom víða við og í greinum eftir hann er fjallað um lindýr í Frakklandi, Englandi, Noregi, Eistlandi, Lettlandi, Þýskalandi og Ungverjalandi, auk lindýra á Íslandi. Síðar bættust við fleiri lönd, s.s. Paragvæ, Nígería, Abbyssínía, Aden, Persía og Indland. Hann fann og lýsti fyrstur allmörgum tegundum (11).

Þrátt fyrir áfallið vegna ferskvatnsskeljanna á Íslandi hlotnaðist Schlesch margvíslegur heiður vegna starfa sinna að náttúrufræði. Hann varð heiðursfélagi í félögum skeljasafnara víða um heim og honum var veitt doktorsnafnbót við háskólana í Chicago 1938 og Riga 1943. Hann hlaut „Den Store Linnémedaille“ frá Kungl. Svenska Vetenskapsakademien 1950. Schlesch lést árið 1962.

*Pi*  
*Spha*  
mjög  
en 6  
Tegun  
hver  
mjög  
á fær  
og fi  
jafnv  
verið  
innar.  
Al  
á Nor  
af *Pi*  
Kuiper  
*Pi*  
Eg  
*P*  
lar  
*P*  
Ke  
*P*  
Su

1. Kuiper  
Prosch  
small  
Faroese,  
Fennici

2. *Lyfja*

3. Schlesch  
Iceland.

4. Schlesch  
North I

5. Schlesch  
Mollusc

6. Schlesch  
Iceland.

## Pisidium á Íslandi

*Pisidium* ættkvíslin er hluti af ættinni *Sphaeriidae*. Skeljar af *Pisidium* ættkvísl eru allar mjög smávaxnar, með einni undantekningu minni en 6 mm að lengd og flestar miklu minni. Tegundirnar eru hver annarri líkar en auk þess er hver tegund nokkuð breytileg. Af þessari ástæðu er mjög erfitt að greina skeljarnar til tegundar og vart á færi annarra en sérfræðinga. Þær lifa í ferskvatni og finnast bæði í rennandi vatni og stöðuvötnum, jafnvel mýrarpollum. Þær finnast víða en oft getur verið erfitt að koma auga á þær vegna smæðarinnar.

Alls hafa fundist 23 tegundir af *Sphaeriidae* ætt á Norðurlöndum, þar af 11 tegundir á Íslandi, allar af *Pisidium* ættkvíslinni. Þær eru samkvæmt Kuiper og félögum (1):

*Pisidium amnicum* Müller, 1774. Fundin við Egilsstaði, Austurlandi.

*P. casertanum* Poli, 1791. Fundin víða um land.

*P. henslowanum* Sheppard, 1823. Fundin við Ketilsstaði og Eiða, Austurlandi.

*P. hibernicum* Westerlund, 1894. Fundin á Suðvestur- og Suðausturlandi.

*P. lilljeborgii* Clessin, 1886. Fundin víða um land.

*P. milium* Held, 1836. Fundin um austanvert landið og nálægt Reykjavík.

*P. nitidum* Jenyns, 1832. Fundin um austan- og suðvestanvert landið.

*P. obtusale* Lamarck, 1818. Fundin víða um land.

*P. personatum* Malm, 1855. Fundin á Norðaustur- og Suðausturlandi.

*P. pulchellum* Jenyns, 1832. Fundin nálægt Reykjavík.

*P. subtruncatum* Malm, 1855. Fundin á nokkrum stöðum á Austur-, Norðaustur- og Suðvesturlandi.

### Þakkarorð

Leó Kristjánsson og Árni Einarsson lögðu til ómetanlegar heimildir fyrir þessa samantekt.

Árni Einarsson og Ingibjörg Briem lásu yfir handritið og gerðu tillögur um endurbætur.

## Heimildir

1. Kuiper, J. G. J., K. A. Ökland, J. Knudsen, L. Koli, T. v. Proschwitz, I. Valovirta. „Geographical distribution of the small mussels (*Sphaeriidae*) in North Europe (Denmark, Faroes, Finland, Iceland, Norway and Sweden).“ *Ann. Zool. Fennici*, 26, 73-101, 1989.
2. *Lyfjafraeðingatal*, Reykjavík, 1982.
3. Schlesch, H. „Land and fresh water mollusca in Northwest Iceland.“ *The Naturalist*, 419-420, 1913.
4. Schlesch, H. „Malacological fauna of Halldorsstodum, North Iceland.“ *The Naturalist*, 169, 1917.
5. Schlesch, H. „List of Iceland land and fresh water Mollusca.“ *The Naturalist*, 169-170, 1917.
6. Schlesch, H. „Notes on Planorbis and Margaritana in Iceland.“ *The Naturalist*, 201, 1917.
7. Schlesch, H. „The Icelandic forms of *Limnæa*.“ *The Naturalist*, 257-259, 1917.
8. Schlesch, H. „Notes on the slugs and land shells of Iceland.“ *The Naturalist*, 297-300 and 330-332, 1917.
9. Schlesch, H. „Notes on the land- and freshwater Mollusca of East Iceland.“ *Journal of Conchology*, 16, 224-226, 1921.
10. Schlesch, H. „On the Pliocene Crag of Tjörnes, North Iceland.“ *The Naturalist*, 117-118, 1925.
11. Sheppard, T. „Dr. Hans Schlesch.“ *The Naturalist*, 35-36, 1940.
12. Stelfox, A. W., R. A. Phillips, C. Oldham. „Letter to the editor.“ *Journal of Conchology*, 16, 263, 1922.

# Kvískerjabók

## Rit til heiðurs systkinunum á Kvískerjum

Sýslusafn Austur-Skaftafellssýslu  
Höfn í Hornafirði 1998